




Börkur Árnason afhendir Smára Guðmundssyni fyrstu SAAB bifreiðina sem Globus selur á Íslandi. Hjá þeim stendur Ágúst Ragnarsson sölustjóri.

Globus tekur við SAAB

Globus tók við SAAB-umboðinu á Íslandi þann 16. júní síðastliðinn. Reksturinn er nú þegar að komast í fullan gang og er til að byrja með skipulagður þannig að viðgerðar- og varahlutabjónusta er á sama stað og áður í húsnæði Töggs hf. að Bildshöfða 16, en söludeildin er rekin í Globus að Lágmúla 5. Mikil eftirspurn er eftir SAAB bifreiðum og afhenti Globus fyrstu bifreiðina þann 2. júlí.s.l.

Norræn menningar- kynning í Japan

Árið 1982 stóðu Norðurlöndin fimm að mikilli menningarkynningu í Bandaríkjunum. Þótti sú kynning takast vel og ákváðu ríkisstjórnir Norðurlanda að efna til svipaðrar kynningar í Japan, og hefst hún í haust. Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, mun um miðjan september opna fyrstu sýninguna, sem verður sýning á nytjalist, „Scandinavian Design“. Þá mun forseti Íslands halda blaðamannafund og kynna allt verkefnið, en kynningararnar verða um ellefu talsins. Íslenskir listamenn taka þátt í sýningum á nytjalist, listhönnunarsýningum, myndlistasýningum, tónleikum, bókmenntakynningum, kvikmyndahátíð og einnig kynningu á barna- og unglingabókmenntum. Af Íslands hálfu verða verk eftir eftirtalda listamenn og hönnuði: Á nytjalistasýningum: Sigrún Einarisdóttir, Sören S. Larsen, Kolbrún Björgólfsdóttir, Sigurlaug Jóhannesdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Arndís Jóhannsdóttir, Hulda Jósepsdóttir, Adalheiður Skarphéðinsdóttir, Þórdís Zöega, Pétur B. Lúthersson, Valdimar Harðarson, Gunnar Magnússon, Sveinn Kjarval, Markús B. Þorgeirsson, Pétur Th. Pétursson og Pétur Tryggvi Hjálmarsson. Auk þess verk frá fyrirtækjunum Álafoss og Glit. Á listhönnunarsýningum: Ásgerður Búadóttir, Guðný Magnús-

dóttir, Jens Guðjónsson, Jónína Guðnadóttir, Leifur Breiðfjörð, Ragna Róbertsdóttir og Steinunn Þórarinsdóttir. Á myndlistasýningum: Jóhannes S. Kjarval, Helgi Þorgils Friðjónsson og Gunnar Örn Snorrason. Á hátíðartónleikum verður flutt verkið „Choralis“ eftir Jón Nordal. Á bókmenntakynningum: Svava Jakobsdóttir. Jafnframt verður gefið út norrænt smásagnasafn þar sem verða sögur efti Halldór Laxness, Guðberg Bergsson og Svövu Jakobsdóttur. Á kvikmyndahátíð: Kvikmyndin „Útlaginn“ eftir Ágúst Guðmundsson. Á kynningum á norrænni nútímatónlist verða flutt verk eftir: Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson, Karólínu Eiríksdóttur og Áskel Másson. Einar Jóhannesson, klarinettuleikari, verður þátttakandi af Íslands hálfu. Í tengslum við kynningar og list-sýningar verða gefnar út veglegar sýningaskrár og upplýsingabæklingar. Auk samnorrænu verkefna munu einstök lönd verða með eigin kynningar og sýningar og á þessu ári mun Kristín Ísleifsdóttir verða með leirmunasýningu í Tokyo. Utanríkisráðuneytið og menntamálaráðuneytið hafa í samvinnu við fulltrúa íslenskra listamanna staðið að efnisvali og skipulagningu ásamt samstarfsaðilum í Jap-

Fiskeldi:

Eitraðir þörungar ollu tjóni

— Í fyrsta skipti svo vitað sé að slíkir þörungar valdi tjóni hér á landi. Fyrirbærið þekkt í Noregi. — Norðmenn farnir að leita til Íslands til að kynna sér strandeldi.

Eitraðir þörungar ollu miklum usla og umtalsverðu tjóni hjá fiskeldisstöðvum í Hvalfirði á dögunum, að því er segir í nýju fréttabréfi Landssambands fiskeldi- og hafbeitarstöðva. Meðal annars missti fiskeldisfélagið Strönd h.f. um 9500 fiska. Vegin meðalþyngd fiskanna var um 420 grömm. Þetta mun vera í fyrsta skipti svo vitað sé til að slíkir þörungar valdi tjóni í fiskeldisstöð á Íslandi. Við greiningu kom í ljós að hér var um þörunginn, gyrodinium aureolum að ræða. Þessi þörungur hefur valdið miklu tjóni í norsku fiskeldi. Norðmenn hafa lent í umtalsverðum vandræðum í vetur og það sem af er þessu ári með strandeldi.

Frá náttúrunnar hendi eru aðstæður til strandeldis hinar ákjósanlegustu í Noregi, en vandræðin hafa aðallega verið vegna hitra-veikinnar og eitraðra þörungar. Í lok maímánaðar dvaldi hópur Norðmanna hér á landi í þeim tilgangi að kynna sér strandeldi. Til að komast hjá áðurnefndum vandamálum og tryggja sjó af betri og jafnari gæðum velta Norðmenn því fyrir sér að flytja eldið á land a.m.k. að hluta til. Ætlun Norðmanna er að dæla sjó frá miklu dýpi upp í ker á landi. Þar sem Íslendingar hafa nokkra reynslu af strandeldi með Atlantshafslax leit-uðu þeir hingað og kynntu sér starfsemi nokkurra starfandi strandeldisstöðva á suðvesturhorninu.

an sem komið hafa til Íslands til að velja verk. Samstarfsaðilar í Japan eru m.a. Seibu-listasafnið, ríkissjónvarpið NHK, Japan Foundation, dagblaðið Yomiuri Shimbun og fleiri. Flugleiðir hf, SAS og Finnair hafa sýnt verkefninu sérstakan velvilja og aðstoðað á ýmsa vegu. Gert er ráð fyrir að auk forseta Íslands muni Karl XVI Gústaf Svíakonungur, Friðrik krónprins Dana, Haraldur krónprins Noregs og Sonja krónprinsessa verða viðstödd opnun ýmissa þátta ásamt ráðherrum utanríkis- og menntamála og sendiherrum.

Vegagerðarmenn: Samningurinn samþykktur


Í allsherjaratkvæðagreiðslu var samningur ASÍ og Vegagerðar ríkisins samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta. Samningurinn hafði verið undirritaður 24. júní síðast liðinn.



PÓST- OG SÍMAMÁLASTOFNUNIN

óskar að ráða starfsfólk í tímavinnu. Vinnutími frá kl. 17.00 til kl. 21.00.

Upplýsingar á skrifstofu póstmeistara Ármúla 25.



Á mölinni mætumst með bros á vör — ef bensínjöfin er tempruð.

UMFERDAR RÁÐ



PÓST- OG SÍMAMÁLASTOFNUNIN

óskar að ráða starfsfólk til sumar og framtíðarstarfa.

Upplýsingar á skrifstofu póstmeistara Ármúla 25.

Vegna útfarar

Gunnlaugs Péturssonar, fyrrv. borgarritara, verða skrifstofur Reykjavíkurborgar að Austurstræti 16 og Pósthússtræti 9 lokaðar frá kl. 12.00 föstudaginn 10. júlí 1987. Skrifstofa borgarstjórans í Reykjavík

AUGLÝSING UM INNLAUSNARVERÐ VERÐTRYGGÐRA SPARISKÍRTEINA RÍKISSJÓÐS

FLOKKUR	INNLAUSNARTÍMABIL	INNLAUSNARVERÐ* 10.000 GKR. SKÍRTEINI
1973-1. fl. A	15.09.87	kr. 22.062,84
1974-1. fl.	15.09.87-15.09.88	kr. 13.356,08
1977-2. fl.	10.09.87-10.09.88	kr. 4.144,09
1978-2. fl.	10.09.87-10.09.88	kr. 2.647,32
1979-2. fl.	15.09.87-15.09.88	kr. 1.725,93

FLOKKUR	INNLAUSNARTÍMABIL	INNLAUSNARVERÐ* ÁRSGREIÐSLUMÍÐA
1973-1. fl. B	15.09.87-15.09.88 10.000 gkr. skírteini 50.000 gkr. skírteini	kr. 1.063,45 kr. 5.317,25

*Innlausnarverð er höfuðstóll, vextir, vaxtavextir og verðbót.

Innlausn spariskírteina og árgreiðslumíða fer fram í afgreiðslu Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, og liggja þar jafnframt frammi nánari upplýsingar um skírteinin.

Sérstök athygli skal vakin á lokagjaldþaga 1. flokks A 1973, sem er 15. september n.k.

Reykjavík, júlí 1987

SEÐLABANKI ÍSLANDS